



Reglur um birtingu gagna með fundargerðum sveitarstjórnar á vef Kjósarhrepps

1. Við birtingu á fundargerðum sveitarstjórnar á vef Kjósarhrepps skulu janframt gerð aðgengileg þau gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi, með þeim takmörkunum sem getið er í reglum þessum.
 2. Gögn sem óheimilt er að birta:
 - a. Gögn er tengjast dómsmáli eða athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
 - b. Gögn sem varða málefni einstaka starfsmanna sveitarfélagsins.
 - c. Gögn sem þagnarskylda skal gilda um.
 - d. Vinnugögn og innri minnisblöð vegna undirbúnings ákvörðunar í máli. Til vinnugagna teljast hverskyns drög sem ekki hafa verið afgreidd á fundi og skýringargögn með þeim.
 - e. Gögn er varða einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga og lögaðila.
 - f. Gögn sem málsaðili óskar sérstaklega eftir að verði ekki birt.
 - g. Gögn sem sýna kennitölur einstaklinga.
 3. Gögn sem ekki er skylt að birta ef sérstakar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:
 - a. Gögn er varða tillögugerð eða viðræður við ríkið um fjárhagslega málefni sveitarfélaga.
 - b. Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
 - c. Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.
 4. Ákvörðun um birtingu gagna skal vera á ábyrgð þess sem ritar fundargerð. Ef álitamál er um birtingu gagna með fundargerð skal sveitarstjóri ákveða hvort gögnin skuli birt.
 5. Reglur þessar eru settar með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og samþykktu um stjórn Kjósarhrepps 650/2023
- Samþykkt af sveitarstjórn Kjósarhrepps 23. apríl 2023.